

## 9. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er rannsóknastofunni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fengnum tillögum forstjóra Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2000.

Frá sama tíma fellur úr gildi 2.–4. gr., 1. mgr. 6. gr. og 7.–9. gr. gjaldskrár nr. 698/1996 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins með síðari breytingum.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 29. desember 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 7/1999 um húsbref og húsbrefaviðskipti.

## 1. gr.

3. mgr. 19. gr. fellur brott.

## 2. gr.

1. másl. 6. mgr. 20. gr. orðist svo:

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbrefadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbrefaflokks þó eigi síðar en fimm árum frá dagsetningu foheldisvottorðs.

## 3. gr.

3. mgr. 21. gr. fellur brott.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 1999.*

**Páll Pétursson.**

*Óskar Páll Óskarsson.*